

66

REGLUGERÐ

7. maí

um viðauka við reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. frá 11. jan. 1935.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Allir þeir, sem ferðast til útlanda, og hafa ekki fengið gjaldeyrisleyfi, skulu, áður en þeir leggja af stað, veita gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi skýrslu um það, á hvern hátt þeir hafi aflað sér erlends gjaldeyris, til greiðslu á dvalarkostnaði og ferðakostnaði erlendis.

2. gr.

Þeir, sem fara úr landi, án þess að hafa veitt gjaldeyris- og innflutningsnefnd fullnægjandi slíkar skýrslur, samkvæmt 1. gr., skulu sæta sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

67

AUGLÝSING

9. maí

um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 8. maí 1935 um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda síldarlýsi, þorskalýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, gærur, skinn og ull, að sækja um leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana. Útflutningur án slíks leyfis varðar sektum samkvæmt téðum lögum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.